

Haustönn 2013

Námskeið nr. 11 Sveppir og ber

Fjallað verður um þá sveppi er vaxa í skóglendum og nýtingarmöguleikar þeirra skoðaðir. Einnig verður skoðað hvaða ber eru í skógunum og hvaða ber gætu verið í skógunum.



Haustönn 2013

Námskeið nr. 12 Skógarnytjar II

Á námskeiðinu fá nemendur kynnst þeim möguleikum sem felast í að búa til einföld húsgögn úr grisjunarvið og flettu efni, námskeiðið er óbeint framhald af námskeiðinu Skógarnytjar I (tálgunaraðferðir) sem haldið var á Grænni skóga námskeiðaröðinni.



Önnur námskeið

Á vegum Endurmenntunar Lbhi má finna á vefsíðu skólans, www.lbhi.is undir Námskeið og eða undir Endurmenntun.

Þáttökugjald

Þáttökugjald í Grænni skógum II á Norðurlandi er kr. 38.000 önnin (2 annir á ári).

Bændum er bent á að sækja um í starfsmenntasjóð Bændasamtaka Íslands (www.bondi.is). Þeir sem eiga rétt úr sjóðnum eru félagar í Bændasamtökum Íslands, (félagar í búnaðarfélagi eða félagi skógarbænda) sem hafa fasta búsetu á lögbýli og starfandi bændur, einstaklingar, hjón eða sambúðarfólk, sem stunda búnaðargjaldskyldan rekstur. Einnig er hægt að sækja um styrk til viðkomandi stéttarfélags.

Innifalið í þáttökugjaldi er kennsla, vettvangsferðir, fæði (kaffi og hádegismatur) og námskeiðsgögn sett á skólavef.

Skráning og nánari upplýsingar

Allar nánari upplýsingar fást hjá starfsmönnum Norðurlandsskóga (www.nls.is) í sínum: 461 5640 (Valgerður) og 461 5642 (Brynnjar) þar sem skráning fer fram, einnig fer fram skráning á netfanginu valgerdur@nls.is

Þá er einnig hægt að fá allar upplýsingar um námið hjá Björgvini Erni Eggertssyni, verkefnisstjóra Grænni skóga í síma 433-5305 eða í gegnum netfangið, bjorgvin@lbhi.is

Hámarksfjöldi þátttakenda er 25.

Eina leiðin til að tryggja sér öruggt pláss er að skrá sig sem fyrst.



Grænni skógar II



Á NORÐURLANDI
2011 - 2013



Grænni skógar II er yfirskrift á öflugu skógræktarnámi sem hugsað er sem framhald af námskeiðaröðinni Grænni skógar I. Þurfa því nemendur að hafa lokið námskeiðaröð Grænni skóga I eða sambærilegunámi. Námið samanstendur af 12 námskeiðum. Fyrstu námskeiðin verða kennd á vorönn 2011 og þau síðustu haustið 2013 (að meðaltali 2 námskeið á önn).

Ekki hefur áður verið kennd námskeiðaröð Grænni skóga II á Norðurlandi.

Hvert námskeið stendur í tvo daga og þá yfirleitt frá kl. 16 til 19 á föstudegi og frá kl. 9 til 16 á laugardegi. Reynt verður að koma við verklegri kennslu og vettvangsferðum. Í upphafi annar verða gefnar út nákvæmar tíma- og staðsetningar fyrir hvert námskeið.

Landbúnaðarháskóli Íslands sér um skipulag námsins í samstarfi við Norðurlandsskóga, Félag skógarbænda á Norðurlandi, Skógrækt ríkisins og Landgræðslu ríkisins. Lámærksfjöldi á námskeiðaröðina er 20 og þeir sem ljúka 80 % af námskeiðunum 12 fá námið metið til eininga á framhaldsskólastigi.

Vorönn 2011

Haustönn 2011

Námskeið nr. 1 Trjásmælingar

Kennd verða undirstöðuatriði varðandi mælingar á einstökum trjám og reitum. Á námskeiðinu verður farið yfir uppbyggingu trésins og þá hvaða atriði það eru sem skipta mestu máli í timburframleiðslu og eru mælanleg. Þá verður farið yfir aðferðafræði og mikilvægi nákvæmni í trjásmælingum.

Vorönn 2011

Námskeið nr. 2 Skógastigar – lagning og notagildi

Fjallað verður um mikilvægi vega/slóða í nytjaskógrækt og aðferðir við lagningu þeirra. Þá er farið yfir helstu aðferðir og tæki sem notuð eru við að ná viðnum úr skógi og hvernig vegir nýtast við eldvarnir.

Námskeið nr. 3 Grisjun og skógarhögg

Farið verður ýtarlega yfir tilgang og framkvæmd grisjunar. Gert er ráð fyrir að nemendur hafi áður farið á námskeið í meðferð keðjusaga. Námskeiðið er að hluta til framhald af námskeiðinu um trjásmælingar. Áhersla verður lögð á að sýna fram á þörf mismunandi aðgerða eftir mismunandi markmiðum með skógræktinni hverju sinni.

Haustönn 2011

Námskeið nr. 4 Útlitshönnun og tegundaval í skóga og skjólbelti

Á námskeiðinu verða kynntar ýmsar tegundir trjáa og runna sem lítið eru notaðar í hefðbundinni skógrækt, en eru oft heppilegar sem íbætur í einsleita skóga. Tegundir þessar geta gefið skóginum og skógarköntum mýkri ásýnd og fjölbreytileika.

Vorönn 2012

Haustönn 2012

Námskeið nr. 5 Viðarfræði og Viðarnytjar I

Farið veður í uppbyggingu og efnasamsetningu viðar. Farið verður dýpra í suma þætti sem skoðaðir voru í námskeiðinu Trjásmælingar og ný hugtök kynnt. Skoðuð verða sýni af nokkrum trjategundum. Notagildi helstu trjategunda sem við ræktum á Íslandi eru skoðuð.

Vorönn 2012

Námskeið nr. 6 Námsferð til Danmerkur

Stefnt er á að farin verði 5 - 7 daga námsferð til Danska Landbúnaðarháskólans þar sem m.a. verði skoðað hvernig Danir standa að rekstri og ræktun á sínum skógu. Sérhæfðar vélar og verkfæri fyrir skógrækt verða skoðuð. Nemendur skili samantekt. Sótt verður um Evrópustyrk til að lækka kostnað við ferðina.



Haustönn 2012

Námskeið nr. 7 Aðrar afurðir skógarins.

Fjallað verður um aðrar afurðir skógarins sem hægt er að nýta til afurða annarra en þeirra hefðbundnu viðarframleiðslu sem kynnt verður á námskeiðaröðinni. Bæði getur verið um að ræða afurðir í mjög litlu magni til einkaneyslu og eins geta afurðirnar orðið talsverðar og gefið af sér tekjur.

Námskeið nr. 8 Lífið í skóginum

Námskeið í vist- og líffræði skógarins. Helstu grunnhugtök og skilgreiningar vistfræðinnar verða kynnt t.d. frumframleiðsla, lífmassi, lífverur, stofnar, fæðuhjallar, fæðukeðjur, burðargeta, framvinda og fl. Tilgreindir þeir helstu lífeðlisfræðilegu, staðfræðilegu og líffræðilegu þættir sem áhrif hafa á vistkerfin og mikilvægi líffræðilegs fjölbreytileika.

Vorönn 2013

Námskeið nr. 9 Viðarnytjar II - Mismunandi afurðir

Fer að mestu fram úti og sem verkleg kennsla. Nemendum er kynnt framleiðsluferli helstu afurða grisjunarviðar á Norðurlandi og sýnd helstu tæki sem notuð eru við framleiðsluna.



Vorönn 2013

Námskeið nr. 10 Kolefnisbinding

Fjallað verður um skóg og vistkerfi skógar út frá hnattrænu og staðbundnu sjónarhorni með tilliti til hringrásar kolefnis. Fjallað verður um gróðurhúsaáhrifin orsakir og afleiðingar. Fjallað verður um skóg sem kolefnisgeymslu. Skýrt verður frá markmiðum nýjustu rannsókna og helstu hugtök tengd kolefnisrannsóknum útskýrð.